

1

Undirbúningur ferðar

LUNDUR

Aðstæður

Aðstæður foreldra sem fara til Lundar eru jafn misjafnar og börnin eru mörg. Stundum þarf að fara fyrirvaralaust út á meðan önnur fara töluvert löngu eftir greiningu og foreldrar geta undirbúið sig vel. Ef þið hafið tök á er mjög skynsamlegt að fá einhvern með ykkur út til að létta róðurinn og aðstoða. Þið eruð í erfiðum aðstæðum og öll aðstoð af hinu góða!

Vegabréf / skilríki

Athugið hvort vegabréf ykkar, ökuskírteini eða önnur skilríki eru í gildi, sem og barnsins. Hægt er að fá **flýtimeðferð** á vegabréfum, gegn auknu gjaldi. Ef þið hafið undirbúningstíma áður en haldið er út, er gott að nota hann í það að gera skilríki klár, t.d. endurnýja ef þarf. Ef þið eruð að fara út í flýti og öll skilríki ógild, látið þá starfsfólk Barnaspítalans vita og það getur eflaust aðstoðað.



Ef þið eruð að fara út með **nýbura** þá aðstoðar **sjúkrahúsið** við að **útvega vegabréf**. Sjá **www.vegabref.is**. Á höfuðborgarsvæðinu gefur Sýslumaðurinn í Kópavogi út vegabréfin.

Bóka flug

Ef læknir er með í för sér hann um að bóka flug fyrir ykkur og barnið. Annars er það í höndum foreldra. Ræðið þetta við lækinn.

Ef þið pantið farið sjálf, er best að hafa samband við **tengilið Sjúkratrygginga Íslands (SÍ)** hjá Icelandair (Icelandair - Silla Guðnadóttir - sillagu@icelandair.is - s: 5050 485)

Læknirinn þarf í öllum tilvikum að senda beiðni til SÍ en þær greiða flugfarið (fyrir barnið og oftast tvo fylgdarmenn).

Gisting í Lundi

Hjartalæknirinn ykkar, sér um að panta gistingu, í samvinnu við ritara á Barnahjartaskurðeildinni í Lundi.

Í Lundi munuð þið að öllum líkindum gista á **Ronald Mc Donald húsinu (RMD)**. Í undantekningartilfellum, ef þar er fullt, þá munuð þið gista á **sjúkrahótelinu**. Hvoru tveggja er einungis í nokkurra mínútna göngufjarlægð frá sjúkrahúsinu.

Í RMD húsinu er allt til alls og mjög heimilislegt. Á fræðsluvef Neistans, hjartagattin.neistinn.is > **Aðgerð erlendis** > **Undirbúningur** > **Gisting í Lundi**, má finna ítarlegri upplýsingar um RMD.

Undirbúa barnið?

Ef barnið er orðið 2 ára, þarf að ræða við það um hvað koma skal. Því eldra sem barnið er, því fyrir ætti að byrja undirbúningin. Ræðið ferðina og lauslega hvað í vændum er en ekki fara í smáatriði eða hræða barnið. Sjá nánar um mismunandi undirbúning barna eftir aldri á vefnum:

<http://hjartagattin.neistinn.is> > **Aðgerð erlendis** > **Undirbúningur** > **Undirbúðu barnið**

Kostnaður og fjárhagsaðstoð

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) greiða beint allan kostnað við **sjúkrahúsdvöl**, lyf og **læknishjálp** sem nauðsynleg er erlendis í tengslum við meðferðina sem og **fargjald** sjúklings og samþykktra fylgdarmanna (fyrir öll börn yngri en 18 ára er greitt fyrir **tvo** fylgdarmenn). Þetta þurfa aðstandendur því ekki að hugsa um.

Eftir ferðina fáir þið greidda **dagpeninga** sem eiga að veða upp á móti því sem þið hafið greitt í ferðir úti, fæði og annan kostnað. Ekki þarf að taka kvittanir (nema í sérstökum tilvikum).

Einnig er hægt að sækja um **styrki** hjá **Neistanum** og **Umhyggju**, sumum sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og tryggingafélögum. Tryggingastofnun Ríkisins sér um **umönnunargreiðslur** og **umönnunarkort** og styrkir viðurkennd fræðslunámskeið. Sjá nánar um kostnað á <http://hjartagattin.neistinn.is> > **Aðgerð erlendis** > **Kostnaður**.

Ekki fara að vinna í peningamálunum fyrr en heim er komið - ef þið komist hjá því.

Hins vegar eru aðstæður misjafnar hjá fólki og ef þið sjáið fram á að vera í vandræðum þá er alltaf hægt að hafa samband við **tengiliði SÍ** og fá hluta dagpeninga **fyrirfram**. Þeir eru ...

Á Íslandi: *Berglind Elfarsdóttir* - berglind.elfarsdottir@sjukra.is - 515 0047

Sigmundur Ingi Sigursson - sigmundur.sigurdsson@sjukra.is - 515 0046

Í Lundi: *Ása Ásgeirsdóttir* - asaasg@gmail.com (0046) - 072 938-3475.

Hvað á að hafa með?

Ef farið er út í flýti eða með ungabarn er best að pakka sem minnstu og gera ráð fyrir **handfarangri** eingöngu. Þetta flýtir fyrir og það sem vantar upp á má nálgast í verslunum í Lundi. Hér er stuttur gátlisti en á **upplýsingavef Neistans** (hjartagattin.neistinn.is) má nálgast ýtarlegri upplýsingar og leiðbeiningar.

- Föt** til skiptanna á ykkur og barnið (**rennd/hneppt að framan** eru hentugust fyrir barnið).
- Snyrtivörur**, tannburstar, dömubindi oþh. Hægt er að kaupa sjampó oþh. úti.
- Snuð**, pelar, uppáhalds teppið/dótið, **bleiur** og matur/mjólk. Ef læknir er með í för þá er hann eða hjúkrunarfræðingur yfirleitt með **lyfin**. Leitið upplýsinga hjá læknum ykkar varðandi fyrirkomulagið. Bleiur fáir þið svo endurgjaldslaust á sjúkrahúsinu.
- Bílstóll** og/eða kerra. Ráðfærið ykkur við lækni því í sumum tilfellum fara börn í hitakassa fram og til baka.
- Sími**. Ath að hægt er að fá landtengdan síma á sjúkrastofu og er reikningur greiddur eftir á
- Fartölva**/spjaldtölva. Hægt er að nettengjast gegn vægu gjaldi á sjúkrahúsinu (m. kreditkorti).

Aðstoð í Lundi

Á svæðinu starfar íslenskur hjúkrunarfræðingur, **Ása Ásgeirsdóttir**. Hún er formlegur tengiliður okkar og Sjúkratrygginga Íslands. Hún hefur reynst okkar fólki sérstaklega vel og hjartaforeldrar hafa getað leitað til hennar með nánast hvað sem er.

Sendið henni línu áður en þið leggið í hann (**asaasg@gmail.com**) eða sláið á þráðinn í síma **+46 72 938-3475**.